

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Miðsvæði“, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 30. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Miðsvæði“. Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við götunöfnum og húsnúmerum innan skipulagssvæðisins. Í stað fjögurra einbýlishúsalóða og tveggja parhúsalóða sunnan Lyngholts er gert ráð fyrir fimm parhúsalóðum. Í stað tveggja einbýlishúsalóða og einnar parhúsalóðar sunnan Breiðuholts er gert ráð fyrir þremur parhúsalóðum. Bætt er við 38 m² lóð og byggingarreit fyrir dreifistöð rafveitu við Skyggnisholt 3 ásamt því að skilmálar eru settir fyrir bygginguna. Vegna nýrrar lóðar minnkar lóð við Skyggnisholt 1 úr 5.000 m² í 4.962 m². Gert er ráð fyrir 6 íbúðum innan hvers byggingarreits (B) fyrir fjölbýlishús við Skyggnisholt en áður var aðeins gert ráð fyrir 4 íbúðum innan hvers byggingarreits. Fjölbýlishúsin eru sjö og því fjölgar íbúðum um 14, úr 28 í 42. Bætt er við upplýsingum úr deiliskráningu fornminja. Þá er bætt við skilmálum vegna framkvæmda í nánd við fornminjar og að samráð skuli haft við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda. Uppfærðar eru upplýsingar og tilvísarnir í lög og reglugerðir og upplýsingar og tilvísanir í gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 20. september 2017.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2017